

**Nd.**

## **165. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðaverðtoll á nokkrum vörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

### **1. gr.**

Hver, sem fær vörur frá útlöndum, er skyldur til, áður en vörurnar eru afhentar honum, að sýna hlutadeigandi lögreglustjóra eða umboðsmanni hans reikning yfir innkaupsverð þeirra, kominna um borð í skip, er flytja á vörurnar hingað til lands. Þetta nær til allra vara, sem hingað eru sendar, að undanteknum íslenskum afurðum, sem endursendar eru, og venjulegum farangri ferðamanna. Alla reikninga um vörur, er um ræðir í 1. gr. 3., 6. og 7. lið laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans stimpla með merkjum þeim og á þann hátt, er um ræðir í lögum nr. 75, 27. júní 1921, og skulu allir slíkir reikningar stimplast með 20 % af innkaupsverði þeirra vara. — Verði ágreiningur um flokkunina, fellir ráðherra um það fullnaðarúrskurð.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur þær, er nú skal greina:

Galvaniseraðir balar, brúsar og fötur, hambus, bast, bíla- og hjólhestadekk og slöngur, botnvörpur, botnvörpugarn, burstar og kústar, dynamit, dælur, ný epli, ger, gerduft, glóðarlampar, hampur, kátsjúk (óunnið), kopar, kolsýra, karbólin, lamir, lásar, gluggajárn, skrár, læknistæki, lyklar, lampaglós, sútað leður og skinn, viðhafnarlaus skófatnaður úr skinni og gúmmí, gúmmihælar og sólar, lóðarbelgir, lampakveikir, lyfjavörur, meðalalýsi, málning, mottur til umbúða, net, niðursoðin mjólk, ostahleypir, pottar, pönnur, prentletur, prentsverta, prjónavjelar, rafmagnstæki og mælar, ratin, reikningsspjöld, röntgentæki, sáraumbúðir, saumavjelar, seglgarn, sildarkrydd, skipsbrauð, smíðatól, stangasápa og blautsápa, sveskjur, svínafeti, trjeskór og klossar, talsíma- og ritsimatæki, ullarkambar, vaxdúkur, veggfóður, vjelareimar, vir úr járn og kopar, vogir, önglar og öngultaumar.

### **2. gr.**

Ákvæði 4. til 15. greinar laga nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, skulu einnig gilda, eftir því sem við á, um gjald samkv. 1. gr. þessara laga. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um innheimtuna, um greiðslu stimpilgjaldsins af þeim vörum, sem eru sendar til landsins í pósti, og annað, er snertir framkvæmd laganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og gilda til ársloka 1925.

### Greinargerð.

Ástæður fyrir þessu frv. er að finna í nefndaráliti meiri og minni hluta fjárhagsnefndar um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolia og gjöld með 25 % gengisviðauka, þskj. 114 og 119. Nefndin telur það öldungis ótíltækilegt að hækka svo mjög gildandi tolla, munaðarvörutolla og vörutoll, að tekjuþörf ríkissjóðs verði fullnægt á þann hátt. Telja smir nefndarmenn þegar of langt farið í því efni, að því er nauðsynjävörurnar snertir, í frv. um gengisviðaukann. Sjá nefndin því ekki annað ráð til að auka tekjurnar frekara en að hverfa að verðtollu þeim, sem frv. þetta fjallar um. Að vísu er þess ekki að dyljast, að þessi tollur nær einnig til ýmsra nauðsynjavara, en þar er þó eingöngu um þær vörur að ræða, sem ætla má, að jafnvel flestir geti dregið eitthvað úr notkun á, eða jafnvel notað ódýrari innlendar vörur í þeirra stað. Hinsvegar er ekki unt á annan hátt betur að ná til gjaldþols þeirra manna, sem ekki gæta hófs í notkun miður nauðsynlegs erlends varnings.

Það er augljóst, að svo hárlollur, sem hjer um ræðir, muni verða til þess að draga mjög úr innflutningi á þeim vörum, sem hann nær til. Það er því þegar af þeirri ástæðu ómögulegt að gera nokkra áreiðanlega áætlun um það, hve miklar tolltekjurnar muni verða. Árið 1921 mun innflutningur þessara vöruflokka hafa numið um 10 milj. króna, að frádregnu verði þeirra vörutegunda, sem undanþegnar eru tollinum í frv. Þó að innflutningurinn minkaði um helming, ættu tolltekjur þessar þó að verða um 1 milj. króna á ári. En þess er að gæta, að fram er komið frv. um algert innflutningsbann á ýmsum þeim vörum, sem hjer um ræðir.